

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og -eyðingu í Rangárþingi ytra.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og -eyðingar sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings ytra 29. nóvember 2011. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli ***	Fyrirtæki
Grunngjald kr. *	14.884	10.615	6.383	13.024
Ílátagjald kr. **	18.395			
Samtals kr.	33.279	10.615	6.383	13.024

\* Grunngjald tekur til reksturs sorpherfisins, s.s. reksturs gámostöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpherfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt nr. 433/2012 um sorphirðu í Rangárþingi ytra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 8. desember 2011.

*Hellu, 12. október 2012.*

**Gunnsteinn R. Ómarsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. október 2012